

STARFSREGLUR STJÓRNAR HAMPIÐJUNNAR HF.

Starfsreglur stjórnar Hampiðjunnar hf.	2
1. Skipan stjórnar	2
2. Skipting starfa innan stjórnar	2
3. Verksvið stjórnar	2
4. Fyrirsva félagsstjórnar	3
5. Boðun funda o.fl.	4
6. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.	5
7. Fundargerðir og fundargerðarbók	5
8. Þagnar- og trúnaðarskylda	6
9. Vanhæfi	6
10. Skýrslur	7
11. Undirritun ársreiknings o.fl.	7
12. Forstjóri	7
13. Upplýsingagjöf	8
14. Undirnefndir félagsstjórnar	9
15. Reglur verðbréfamarkaðarins	9
16. Árangursmat og frekari reglur um störf stjórnar	9
17. Nýir stjórnarmenn	10
18. Varsla og meðferð starfsreglna	10

1
KOA
SP
AM

STARFSREGLUR STJÓRNAR HAMPIÐJUNNAR HF.

1. Skipan stjórnar

- 1.1 Stjórn félagsins skipa fimm menn sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Kýs aðalfundurinn stjórnarformann sérstaklega.
- 1.2 Tilgangur þessara starfsreglna er að vera samþykktum félagsins til fyllingar og lýsa með nákvæmari hætti hvernig rækja ber störf stjórnar félagsins. Þá er tilgangur þeirra að tryggja jafnræði, góða og sjálfstæða meðhöndlun í meðferð mála. Starfsreglunum er einnig ætlað að tryggja gagnsæi og styrkja viðskiptalegar forsendur félagsins.
- 1.3 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, upplýsa um setu í stjórnnum annarra fyrirtækja. Skulu þeir jafnframt upplýsa stjórn hverju sinni er þeir eftir það taka sæti í stjórnnum fyrirtækja. Þá skulu stjórnarmenn upplýsa um önnur hagsmunatengsl er varða kunna félagið. Sama gildir um forstjóra félagsins.
- 1.4 Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim hæfiskröfum sem gerðar eru í lögum og samþykktum félagsins varðandi setu í stjórn. Fullnægi stjórnarmaður ekki framangreindum hæfiskröfum skal hann þegar í stað upplýsa stjórn um það og grípa til viðeigandi ráðstafana.


2. Skipting starfa innan stjórnar

- 2.1 Félagsstjórn getur ákveðið frekari skiptingu starfa innan stjórnar en leiðir af grein 1.1.
- 2.2 Við kjör til trúnaðarstarfa innan stjórnar skal beitt einfaldri meirihlutakosningu. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 2.3 Félagsstjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi.
- 2.4 Formaður félagsstjórnar stýrir störfum stjórnar og ber meginábyrgð á starfsemi stjórnar og skal stuðla að virkni í allri ákvarðanatöku hennar.

3. Verksvið stjórnar

- 3.1 Félagsstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Félagsstjórn skal fjalla um og staðfesta stjórnskipulag félagsins að fenginni tillögu forstjóra. Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.

2



- 3.2 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Stjórnin getur þó veitt forstjóra umboð til að skuldbinda félagið í ákveðnum og þar til greindum málum.
- 3.3 Félagsstjórn ræður forstjóra að félaginu. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við forstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Félagsstjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra.
- 3.4 Félagsstjórn veitir prókúruumboð.
- 3.5 Félagsstjórn skal setja félaginu hlutverk og markmið í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess og skal marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum. Stjórnin fylgist með að forstjóri marki og fylgi viðskiptastefnu í samræmi við markmiðin.
- 3.6 Félagsstjórn fjallar um rekstraráætlanir félagsins, sem gerðar skulu í upphafi hvers árs og fylgjast með framvindu þeirra. Þá tekur stjórnin ákvarðanir um allar meiriháttar fjárfestingar félagsins.
- 3.7 Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Félagsstjórn getur þó veitt forstjóra heimild og umboð til afgreiðslu slíkra mála.

4. Fyrirsvar félagsstjórnar

- 4.1 Formaður félagsstjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt forstjóra, eftir aðstæðum hverju sinni. Geti formaður ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla tekur stjórn ákvörðun um það hver taki við skyldum hans á meðan forföllum stendur.
- 4.2 Forstjóri fer að jafnaði með atkvæði félagsins á hluthafafundum allra þeirra félaga sem félagið kann að eiga eignarhluti í nema stjórn ákveði annað.
- 4.3 Formaður félagsstjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.
- 4.4 Formaður félagsstjórnar skal stuðla að því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti og ber formanni að:
1. Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
 2. Stuðla að því að stjórnarmenn séu upplýstir um málefni sem félaginu tengjast og að stjórn sé virk í allri umræðu og ákvarðanatöku.
 3. Stuðla að því að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnarinnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.

4. Stuðla að því að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að stuðla að því að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
5. Stuðla að því stjórnarmenn fái, eftir því sem við á, viðeigandi ráðgjöf um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
6. Bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins.
7. Eiga frumkvæði að endurskoðun starfsreglna þessara.
8. Semja dagskrá stjórnarfundar í samstarfi við forstjóra, sjá um boðun þeirra og stjórnun. Formaður félagsstjórnar skal sjá til þess að gefinn sé nægur tími til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, einkum hvað varðar stærri og flóknari mál.
9. Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
10. Stuðla að því að stjórnin meti árlega störf sín, forstjóra og undirnefnda, hafi þær verið stofnaðar.

5. Boðun funda o.fl.

- 5.1 Stjórnarfundir skulu haldnir reglulega, eða þegar formaður félagsstjórnar ákveður, en þó ekki sjaldnar en ársfjórðungslega. Stjórnarfundir skulu vera haldnir á skrifstofu félagsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annarsstaðar telji formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarfundabúnaði.
- 5.2 Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn. Á reglulegum stjórnarfundum skal að jafnaði taka fyrir eftirfarandi mál:
 1. Staðfesting fundargerðar síðasta stjórnarfundar.
 2. Skýrslu forstjóra um starfssemi félagsins.
 3. Fjárhagsuppgjör félagsins og samanburð við fjárhagsáætlun.
- 5.3 Formanni stjórnar ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðandi krefst þess.
- 5.4 Forstjóri og fjármálastjóri eiga sæti á fundum félagsstjórnar og hafa þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Einnig á sæti á fundum félagsstjórnar ritari tilnefndur af formanni félagsstjórnar.
- 5.5 Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi félagsstjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundum ef einstakir stjórnarmenn óska þess.

- 5.6 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boðað með minnst 5 daga fyrirvara. Formaður félagsstjórnar getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.7 Til funda skal boðað með tölvupósti eða símleiðis. Skal dagskrár getið í fundarboði. Formanni er skylt að sjá til þess að stjórnarmönnum gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með hæfilegum fyrirvara.

6. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 6.1 Fundur félagsstjórnar er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 5. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá stjórnarfundar verða ekki afgreidd á sama fundi, ef beiðni um frestun á afgreiðslu málsins kemur fram á fundinum.
- 6.2 Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum ásamt forstjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls, en í forföllum hans annar stjórnarmaður, samkvæmt ákvörðun stjórnar.
- 6.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 6.4 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál utan stjórnarfundu skulu þeir almennt snúa sér til formanns félagsstjórnar, en ekki starfsmanna félagsins.
- 6.5 Hafi komið fram lögmæt krafa um hluthafafund til að ákveða málefni sem stjórnin hefur haft til umfjöllunar skal stjórnin bíða niðurstöðu hluthafafundar áður en slík málefni eru leidd til lykta.
- 6.6 Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um viðkomandi mál með eðlilegum fyrirvara og haft tíma til að kynna sér efni máls.

7. Fundargerðir og fundargerðarbók

- 7.1 Formaður félagsstjórnar skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Formaður getur falið ritun fundargerða aðila sem ekki á sæti í félagsstjórn.
- 7.2 Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - Hverjir sitja fundinn, í heild eða að hluta, og hver stýrir honum. Tekið skal fram atvik er stjórnarmenn víkja af fundi tímabundið eða áður en fundi lýkur.
 - Dagskrá fundarins.

- d) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - e) Hvenær og hvar áætlað sé að næsti stjórnarfundur verði haldinn.
 - f) Hver ritað hafi fundargerðina.
 - g) Upptalning gagna sem dreift var til stjórnarmanna fyrir fundinn og á fundum.
- 7.3 Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá athugasemdir skráðar í gerðarbókina. Stjórnarmaður skal tryggja að skoðanir hans tengdar einstökum málum séu skráðar í fundargerð sé hann ósáttur við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.
- 7.4 Fundargerðarbók skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum og forstjóra er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni.
- 7.5 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skulu drög fundargerðar sett inn á stjórnarvefgátt innan 7 daga frá stjórnarfundum. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar.

8. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 8.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum landslaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af stjórnarsetu.
- 8.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður. Skulu stjórnarmenn afhenda félaginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef formaður félagsstjórnar telur á því nauðsyn.
- 8.3 Stjórnarmenn aðrir en formaður félagsstjórnar skulu almennt ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

9. Vanhæfi

- 9.1 Stjórnarmenn og forstjóri skulu ávallt gæta hæfis síns.
- 9.2 Stjórnarmaður og/eða forstjóri mega ekki taka þátt fyrir hönd félagsins

6
SP
TU
KA

í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra sjálfra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og forstjóra að upplýsa um slík atvik.

- 9.3 Leggja skal fyrir félagsstjórnina til staðfestingar eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða forstjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða forstjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.
- 9.4 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu. Skulu þeir jafnframt geta um eignarhluti tengdra aðila. Skulu þeir enn fremur gefa stjórninni skýrslu um breytingar á hlutaeigninni..

10. Skýrslur

- 10.1 Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir félagsstjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi í stórum dráttum. Félagsstjórnin getur á stjórnarfundum krafist forstjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem félagsstjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

11. Undirritun ársreiknings o.fl.

- 11.1 Ársreikningur félagsins og samstæðureikningur skulu lagðir fyrir félagsstjórn til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt forstjóra undirrita ársreikninginn og samstæðureikninginn. Telji stjórnarmaður eða forstjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

12. Forstjóri

- 12.1 Forstjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum stjórnar. Forstjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í þeim málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt starfslýsingu eða samkvæmt fyrirmælum félagsstjórnar. Forstjóri getur ekki gert ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Félagsstjórn er þó heimilt að fela forstjóra framkvæmd slíkra mála. Forstjóra er einnig heimilt að afgreiða slík mál í þeim tilvikum sem ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal forstjóri tafarlaust tilkynna formanni stjórnar um afgreiðslu málsins.

- 12.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Forstjóri skal koma á framfæri við endurskoðanda þeim upplýsingum og gögnum sem hafa þýðingu vegna endurskoðunar og veita endurskoðanda þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðandi félagsins telur nauðsynlega vegna starfa sinna.
- 12.3 Forstjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og skal hann bera önnur verkefni sín, sem ótengd eru félaginu, undir stjórn til umfjöllunar. Þá skal forstjóri jafnframt láta stjórn í té upplýsingar um mögulega hagsmunaaðrekstra.
- 12.4 Forstjóri skal að jafnaði sitja í stjórnnum dótturfélaga félagsins og gegna þar formennsku. Fyrir samþykkt meiriháttar ákvarðana í stjórnnum dótturfélaga skal forstjóri ávallt bera þær undir formann félagsstjórnar sem metur hvort rétt sé að fjalla sérstaklega um slíkar ákvarðanir á vettvangi stjórnar.
- 12.5 Forstjóri skal ekki eiga sæti í stjórnnum annarra fyrirtækja en dótturfélaga félagsins nema með sérstöku leyfi stjórnar.
- 12.6 Forstjóri félagsins skal gæta þess að rekstur félagsins sé innan þess ramma sem afmarkaður er í rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins fyrir hvert reikningsár og upplýsa stjórn um fyrirsjáanleg frávik.

13. Upplýsingagjöf

- 13.1 Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundum gera stjórn grein fyrir starfsemi félagsins frá síðasta fundi félagsstjórnar í stórum dráttum. Kannað hálfársuppgjör skal lagt fyrir stjórn einu sinni á ári og ársfjórðungsuppgjör samkvæmt ákvörðun stjórnar. Endurskoðuðu ársuppgjöri skal lokið í mars ár hvert. Endurskoðendur félagsins skulu vera viðstaddir kynningu á ársuppgjöri.
- 13.2 Félagsstjórn getur á stjórnarfundum krafist forstjóra um upplýsingar og gögn sem félagsstjórn eru nauðsynleg til að ráðið geti sinnt verkefnum sínum. Skal forstjóri eiga milligöngu um öflun upplýsinga og gagna frá öðrum starfsmönnum.
- 13.3 Upplýsingar frá forstjóra og undirnefndum til stjórnar þurfa að vera á því formi og af þeim gæðum sem stjórn ákveður.
- 13.4 Stjórnarmönnum er heimilt að hafa óformleg samskipti milli stjórnarfundum en þess skal gætt að ákvarðanir um málefni félagsins skuli einungis teknar á stjórnarfundum.
- 13.5 Formanni félagsstjórnar ber að gæta þess að fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá, skattfyrirvöldum og öðrum stjórnvöldum séu sendar lögboðnar tilkynningar og framtöl.

14. Undirnefndir félagsstjórnar

- 14.1 Stjórn getur ákveðið að skipa undirnefndir sem heyra undir félagsstjórn eftir því sem við á. Í undirnefndum stjórnar (eftir því sem við á) skulu ákvarðanir teknar á formlegum fundum. Undirnefndir eru ákvörðunarbærar þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund, enda hafi fundur undirnefndar verið boðaður með sambærilegum hætti og stjórnarfundur. Formaður viðkomandi undirnefndar boðar til nefndarfundar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum við töku ákvarðana í undirnefndum. Ákvarðanir undirnefndar eru ekki bindandi fyrir stjórn heldur aðeins leiðbeinandi.
- 14.2 Verði hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum markaði ber stjórn félagsins að koma á fót endurskoðunarnefnd samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin skal vera undirnefnd stjórnar og skipuð af henni. Stjórn Hampiðjunnar hf. skipar formann endurskoðunarnefndar sérstaklega. Hann skal vera óháður félaginu. Að lágmarki einn nefndarmanna skal ekki vera stjórnarmaður. Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Forstjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess skulu ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd. Stjórnin skal setja endurskoðunarnefnd sérstakar starfsreglur.
- 14.3 Endurskoðunarnefnd er eftirlitsnefnd og með skipun hennar er leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda.

15. Reglur verðbréfamarkaðarins

- 15.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, almennum reglum verðbréfamarkaðarins, reglum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og reglum NASDAQ á Íslandi. Stjórnarmenn skulu gæta sérstaklega að þeim skyldum sem leiða af stöðu þeirra sem einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum í félaginu.
- 15.2 Stjórn félagsins setur félaginu viðmið um meðferð og birtingu innherjaupplýsinga. Framgreindum viðmiðum er ætlað að tryggja að félagið og stjórnendur þess fari í hvívetna að reglum verðbréfamarkaðarins og efla þannig trúverðugleika félagsins.

16. Árangursmat og frekari reglur um störf stjórnar

- 16.1 Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Stjórn skal yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess.
- 16.2 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

17. Nýir stjórnarmenn


- 17.1 Þegar nýr stjórnarmaður tekur sæti í stjórn skal hann upplýstur um helstu löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins, samþykktir þess og innri reglur og staðfesta að honum sé kunnugt um efni þeirra.
- 17.2 Nýr stjórnarmaður fær tímanlega aðgang að þeim gögnum sem hann þarf til að geta sinnt störfum sínum fyrir félagið og getur hann óskað eftir sérstökum kynningarfundum með forstjóra og stjórnarformanni áður en störf hefjast þar sem hann fær upplýsingar og leiðsögn um starfshætti stjórnar og málefni félagsins.

18. Varsla og meðferð starfsreglna

- 18.1 Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðarbók félagsins
- 18.2 Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta félagsstjórnar.
- 18.3 Þeir sem eiga sæti í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.
- 18.4 Stjórnarmönnum, forstjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma

Framangreindar starfsreglur stjórnar Hampiðjunnar hf. eru settar samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Við gerð reglnanna var tekið mið af 6. útgáfu leiðbeining um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021.


Þannig samþykkt á stjórnarfundum félagsins hinn 9. mars 2023.



Vilhjálmur Vilhjálmsson
stjórnarformaður



Auður Kristín Árnadóttir



Kristján Loftsson



Guðmundur Ásgeirsson



Sigrún Þorleifsdóttir